

139. löggjafarþing 2010–2011.
Þskj. 91 — 86. mál.

Alþingi
Erindi nr. ~~D~~ 139/1133
komudagur 12.1.2011

Tillaga til þingsályktunar

um heimspeki sem skyldufag í grunn- og framhaldsskóla.

Umsögn Félags íslenskra framhaldsskóla

Félag íslenskra framhaldsskóla (FÍF) er sammála því að mikilvægt er að kenna heimspeki í framhaldsskólum landsins.

FÍF hefur þó efasemdir um að rétt sé að gera hana að skyldunámsgrein í aðalnámskrá framhaldsskóla vegna þess að í nýlegum lögum um framhaldsskóla (nr. 92/2008) er mikil áhersla lögð á sjálfstæði skólanna og þeim falið að byggja upp sínar námskrár. Aðeins þrjár stærstu námsgreinarnar eru tilteknaðar sem skyldunámsgreinar; íslenska, stærðfræði og enska og vandséð er hvernig hægt væri að rökstyðja það að heimspeki frekar en aðrar mikilvægar námsgreinar ætti að vera skyldunámsgrein í framhaldsskólum.

Hins vegar má geta þess að allar námskrár þurfa samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytis áður en þær taka gildi og þess vegna ekki ósennilegt að í samþykktarferlinu gefist tækifæri til að ýta undir sérstakar áherslur sem menntamálayfirvöld hafa, án þess að tiltekin námsgrein sé skyldugrein í aðalnámskrá.

Mosfellsbær, 12. janúar 2011

Guðbjörg Aðalbergsdóttir, formaður